

- 15** **Bjref ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um makaskipti á kirkjujörð.**  
 15. jan. (Ágrip). — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn, að hans hátign konungurinn hefði 14. jan. samþykkt makaskipti á ákveðnu stykki af afrjettarlandi Þingvalla-kirkju fyrir jörðina Kaldárhöfða í Grímsnesi, þannig, að farið verði eptirleidis með nefndan afrjettarlandshluta sem bænda eign, að því er gjaldskyldu snertir, en með Kaldárhöfða aptur á móti sem hverja aðra kirkjujörð.
- 16** **Brjef landshöfðingja til gufubátsnefndar í Múlasýslum um styrk til gufubátsferða í Austfirðingafjórðungi.** — Út af fyrirspurn yðar í þóknanlegu brjefi, dags. 10. f. mán., skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að orðið »Austfirðingafjórðungur« í 12. gr. C. d. í fjárlögnum fyrir 1896 og 1897 verður bæði eptir nútíðkaðri merking orðsins og tilætlan laganna að skiljast um hið núverandi Austuramt, og er engin heimild nje ástæða til að takmarka styrkveitinguna við Múlasýslurnar einar. Auk Múlasýslanna eiga því bæði Norður-Þingeyjarsýsla og Austur-Skaptafellssýsla heimting á hlutdeild í styrknum að tiltölu við það fje, sem hvert sýslufjelag leggur fram til gufubátsferðanna.
- Á hinn bóginn er það augljóst, að þótt eitt eða fleiri af sýslufjelögnum í fjórðungnum afsali sjer tilkalli til hluttöku í styrknum eða neiti að leggja fram fje til móts við tiltölulega fjárveiting úr landssjóði af þinni umræddu styrkuppþæð, þá skerðir það ekki rjett þeirra sýslufjelaga, sem nota vilja styrkinn og leggja fram að minnsta kosti 2000 krónur, til þess að fá alla hina veittu uppþæð, 6000 kr., greidda úr landssjóði.
- 17** **Brjef landshöfðingja til biskups um eptirlaun prestsekkju.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 30. desbr. f. á., hafð þjer, herra biskup, sent mjer erindi prestsins að Eyðölum, síra Þorsteins Þórariússonar, ásamt umsögn hlutadeigandi prófasts, þar sem tjeður prestur spyrst fyrir um það, hvort hann muni vera skyldur til að borga meira en  $\frac{1}{12}$  hluta af föstum tekjum prestakallsins eins og þær eru að frágengnu 300 króna árgjaldi af brauðinu, í eptirlaun til prestsekkju, Þórunnar Stefánsdóttur, sem við lát prestsekkjunnar Helgu Guðmundsdóttur færðist frá landssjóði yfir á Eydala-prestakall til eptirlaunagreiðslu, svo og um það, hvort hann sje skyldur til að borga prestsekkjunni eptirlaunin í peningum, eða hvort hann geti vísað henni eða syni hennar, sem hún dvelur hjá, á að innheimta eptirlaunin af tilteknum tekjum brauðsins.
- Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeingar og frekari birtingar, að eins og eptirlaun prestsekkju þeirrar, sem hjer er um að ræða, verða að ákveðast eptir þeim lögum og reglum sem giltu, þegar hún varð prestsekkja árið 1857, eins verður uppþæð þeirra að miðast við þá stærð eða það tekjumagn brauðsins, sem þágildandi lagafyrirmæli áttu við, því að hún á samkvæmt 7. gr. laga um eptirlaun prestsekkna 3. okt. 1884 að fá sömu eptirlaun eins og hún hafði áður en hún missti eptirlaunarjett við það að giptast síðara manni sínum, sem ekki var prestur, og á ekki neins í að missa við það, þótt síðar hafi verið lagt árgjald á brauðið (sbr. ráðgjafabrjef

7. maí 1881, Stj.tíð. 1881 B, bls. 57). — Með því nú að Eydalaprestakall þrátt **17** fyrir þann tekjustofn er frá því hefur gengið, er metið yfir 1200 krónur, þá **20. febr.** eiga eptirlaun hennar samkvæmt 2. gr. ný-nefndra laga 3. okt. 1884 að greiðast að öllu leyti af brauðinu, og er ekki heimild til að greiða neitt af þeim úr landssjóði, enda mundi eptirlaunabyrðin á brauðinu verða að mun þyngri ef upphæðin væri ákveðin eptir nügildandi lögum.

Sú upphæð, sem prestinum ber að greiða samkvæmt hinum eldri lögum, er giltu þegar hún varð ekkja, (konungsbrjef 5. júní 1750) þ. e.  $\frac{1}{12}$  hluti af föstum tekjum prestakallsins, sbr. 5. gr. í tilsk. 6. jan. 1847, ætti því að rjettu lagi að reiknast þannig, að árlega væri gjörður reikningur yfir allar þær föstu tekjur, sem taldar eru í ný-nefndri lagagrein, og tilheyrðu Eydalaprestakalli áður en jarðir voru lagðar frá því samkvæmt lögum 27. febr. 1880, og prests. ekkjunni ákveðinn  $\frac{1}{12}$  hluti af þeirri upphæð eptir hvers árs verðlagsskrá eða í skileyri. En með því að upphæð eptirlaunanna var, þegar ekkjan átti að fá eptirlaun sín greidd af landssjóði, í eitt skipti fyrir öll ákveðin 120 kr. á ári eptir 5 ára meðaltali föstu teknanna 1886—1890, og hún hefur gjört sig ánægða með það, þá má láta við svo búið standa, en minna getur presturinn ekki komizt hjá að greiða.

Viðvikjandi síðari lið fyrirspurnarinnar skirskotast til 5. greinar í tilsk 15. desbr. 1865.

## Reglugjörð

fyrir Vestmannaeyjasýslu um lækning hunda af bandormum og fl.

**18**  
22. jan.

### 1. grein.

Hreppstjórnir skulu annast um lækning hunda af bandormum.

### 2. grein.

Lækning allra hunda í Vestmannaeyjum fer fram í nóvembermánuði ár hvert. Hvern dag mánaðarins lækningin skuli fram fara á hverjum bæ, kveða hreppstjórnir á um og tilkynna hundaeigendum í tæka tíð.

### 3. grein.

Hreppstjórnir skipta störfum með sjer, eptir því sem þeim þykir hag-anlegast. Skyldir eru eigendur hundanna eða húsbændur, hver á sínu heimili, að aðstoða hreppstjórana við lækninguna svo sem með þarf.

### 4. grein.

Hverjum hundi skal gefa inn meðal það, er hjeradslæknirinn í Vestmannaeyjum tiltekur, og skulu hreppstjórnir, að því er inngjöfina snertir og meðferð alla á hundunum, meðan á lækningunni stendur, haga sjer eptir fyrir-sögn hjeradslæknisins, sem hann skal skyldur að láta þeim í tje. Sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu skal í samráði við hjeradslækninn sjá um, að jafnan sje nægilegur forði til í Vestmannaeyjum af meðali því, sem hentugast álizt til þessara lækninga.